

Nd.

653. Frumvarp

til laga um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs.

Flutningsmenn: Jón Magnússon. Skúli Thoroddsen. Sveinn Björnsson.

1. gr.

Meðan verðhækkun sú, sem nú er á lífsnauðsynjum, stendur eða breytist eigi að verulegum mun, veitir landssjóður embættis- og sýslunarmönnum sínum dýrtíðaruppbót eftir þeim reglum, er í lögum þessum greinir.

2. gr.

Peir, er fyrir fleirum hafa að sjá en sjálfum sjer, skulu fá uppbót sem nú skal greint:

1. Peir, er hafa í árslaun undir 500 kr., 30% af launahæðinni.
2. Peir, er hafa í árslaun frá 500—1000, 20% af launahæðinni.
3. Peir, er hafa í árslaun 1000—1500, 15% af launahæðinni.
4. Peir, er hafa í árslaun 1500—2000, skulu fá 10% af launahæðinni.
5. Peir, er hafa í árslaun 2000—2500, skulu fá 8% af launahæðinni.
6. Peir, er hafa 2500—2800 kr. í árslaun skulu fá 5% af launahæðinni.

Auk þess skulu greiddar á ári 15 kr. fyrir hvert barn undir 16 ára aldri, er embættis- eða sýslunarmaður á að framfæra; þó aldrei meira en 75 kr. til hvers.

3. gr.

Þeir, sem eigi hafa fyrir öðrum en sjálfum sjer að sjá, skulu fá dýrtíðaruppbót eftir þeim reglum, er hjer segir:

1. Þeir, er hafa árslauu undir 500 kr., 20% af launahæðinni.
2. Þeir, er hafa 500—1000 kr. skulu fá 15% af launahæðinni.
3. Þeir, er hafa 1000—1500 kr., 10% af launaupphæðinni.
4. Þeir, er hafa 1500—1800 kr. skulu fá 7% af launahæðinni.

4. gr.

Dýrtíðaruppbót veitist eigi þeim, er jafnframt lifa af framleiðslu, hvort sem hún er af landbúnaði, sjávarútvegi, iðnaði, verslun eða annari atvinnu.]

Nú hefir maður á hendi embætti eða sýslan í sambandi við önnur störf, er tekjur gefa, svo sem bókmentastarfsemi, málflutningur, lækningar, kensla, búðarstörf o. s. frv., eða hann nýtur styrks úr opinberum eða einkasjóðum eða öðru slíku, og fær hann þá eigi dýrtíðaruppbót, nema tekjur hans samanlagðar verði eigi hærri en svo, að dýrtíðaruppbót fylgi þeim samkvæmt lögum þessum.

Embættismenn þeir eða sýslunar, er aukatekjur hafa af embætti sínu eða sýslun, eða því fylgir ókeypis húsnæði, eldsneyti, ljósmeti eða önnur slík hlunnindi, fá því að eins dýrtíðaruppbót, ef launin samanlögð við hlunnindi þessi, metin til peniuga, ná eigi þeirri upphæð, er útiloki dýrtíðaruppbót samkvæmt 2. og 3. gr.

Nú gegnir maður fleirum embættum eða sýslan í senn, og skal þá leggja saman laun og hlunnindi, er báðum eða öllum fylgja, enda verður þá engin dýrtíðaruppbót veitt, nema samanlagðar tekjur af stöðunum nái eigi þeirri upphæð, er dýrtíðaruppbót útiloki samkvæmt 2. og 3. gr.

Nú hefir kona embættis- eða sýslunarmanns tekjur, af hverju sem er, og skulu þær lagðar við tekjur bónda, og dýrtíðaruppbót til þess heimilis reiknast eftir samanlagðri tekjuupphæðinni.

Nú gegnir kona embætti eða sýslan, og koma þá tekjur bónda hennar á sama hátt til greina, er reikna skal dýrtíðaruppbót handa henni.

5. gr.

Dýrtíðaruppbót samkvæmt lögum þessum kemur eigi til álita, er reikna skal biðlaun eða eftirlaun embættismanna.

6. gr.

Stórnarráðinu veitist heimild til að verja alt að 1000 kr. á ári til dýrtíðaruppbótar handa starfsmönnum þess.

Til presta heimilast Stjórnarráðinu að veita í dýrtíðaruppbót, alt að 3000 kr. á ári, eftir tillögum biskups.

Til hjeraðslækna má Stjórnarráðið enn fremur veita alt að 3000 kr. á ári, eftir tillögum landlæknis.

Meðal starfsmanna landsimans og talsíma þeirra, er landssjóður rekur, skal Stjórnarráðið, eftir tillögum landssímastjóra, skifta upphæð, er nemi 16% af samanlögðum launum þeirra, er hafa alt að 1800 kr. í árslaun. Aðrir síamenn landsins fá uppbót eftir 2. og 3. gr. laga þessara.

7. gr.

Stjórnarráðið úrskurðar öll mál, er í lögum þessum greinir, og verða þau eigi borin undir dómstólana.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. dag þess mánaðar, er næstur kemur eftir að þau hafa fengið staðfestingu konungs.